

uppgefnir og niðurbrotnir. Þetta var alveg ótrúleg lífsreynsla. Yfirleitt köllum við ekki allt ömmu okkar en þetta er svo óskaplega beinskeytt og sest svo í sálarlíf manns. Það er að mörgu leyti svo erfitt tilfinningalega að fjalla um illskuna, ég gæti ímyndað mér að það að æfa Kveðjuskál sé ekki líkt neinu, nema hugsanlega að æfa Macbeth. Að takast á við græðgina, illskuna og valdafíknina. – Pinter er enginn hvunndagshöfundur.

**LG**


*Kjarvalsstaðir*

# Húsgögn og hönnun 88

## Verðlaun afhent í samkeppni um hönnun húsgagna og innréttinga

**Á síðasta ári efndi Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda til samkeppni um hönnun húsgagna og innréttinga í þeim tilgangi að laða fram nýjar og frumlegar hugmyndir sem sumar gætu orðið að framleiðslu- og söluhæfum vörum. Keppnin var í tveimur hlutum, fyrri hlutinn var almenn keppni þar sem öllum þeim sem áttu lögheimili á Íslandi var heimil þátttaka. Seinni hluti keppninnar var svo lokuð keppni milli höfunda þeirra tillagna sem valdar voru úr fyrri keppninni.**

Verðlaun voru afhent við opnun sýningarinnar Húsgögn og hönnun 88 á Kjarvalsstöðum, en þar eru til sýnis nýjungar hjá íslenskum húsgagnaframleiðendum og verðlaunatillögurnar í samkeppninni. Fyrstu verðlaun voru 250 þúsund krónur og einnig voru veittar fimm fimmtíu þúsund króna viðurkenningar. Fyrstu verðlaun hlaut Þorsteinn Geirharðsson arkitekt fyrir póstkassa úr plexígleri. Viðurkenningu fyrir stóla hlutu Eyjólfur E. Bragason, Ingimar Þór Gunnarsson og Pétur B. Lúthersson. Gunnlaugur H. Friðbjarnarson hlaut viðurkenningu fyrir stól og borð, og Þorsteinn Geirharðsson fyrir lampaarm og borð.



Ólafur Tómasson póst- og símamálastjóri prófar verðlaunapóstkassana. – Litla myndin er af Þorsteini Geirharðssyni sem er við framhaldsnám í iðnhönnun í Mílanó og gat því ekki verið við verðlaunaafhendinguna. Mynd: E.Ól.

Dómnefnd skipuðu Valdimar Harðarson arkitekt, Eyjólfur Axelsson framkvæmdastjóri og Gunnar H. Guðmundsson húsgagnaarkitekt. Sýningin Húsgögn og hönnun 88 verður á Kjarvalsstöðum til 14. febrúar.

**LG**



Sýningargestir dást að borði Gunnlaugs H. Friðbjarnarsonar. Mynd: E.Ól.

# BERTOLT BRECHT

## Níutíu ár frá fæðingu þessa fræga og umdeilda leikskálds og kennimanns

**Leikhús er lifandi eftirlíking sannra eða tilbúinna atburða sem eru mönnum deiluefni. Tilgangur þess er að vera til skemmtunar og afþreyingar.**

Þannig byrjar eitt af mörgum verkum Bertolts Brecht, um leikhús, biblía þeirra sem aðhylltust kenningar hans á sjötta áratugnum. Brecht er eitt frægasta og umdeildasta leikskáld Evrópu á þessari öld, hann var afkastamikill leikritahöfundur og kenningasmiður, og skoðanir hans um leikhús hafa haft víðtæk áhrif á þróun þess. Hann taldi hlutverk leikhúss vera að vekja fólk til umhugsunar og skemmta því um leið, og gerði þá kröfu til áhorfenda að þeir fylgdust á lifandi en hlutlausan hátt með þeim atburðum sem höfundur kynnti þeim á leiksviðinu, og tækju svo afstöðu til þeirra.

Bertolt Brecht var fæddur í Augsburg í Þýskalandi, 10. febrúar 1898, og hefði því orðið níræður í dag. Upphaf fyrri heimsstyrjaldarinnar kom í veg fyrir að hann lyki námi í læknisfræði; þess í stað fór hann að skrifa leikrit og gerðist í styrjaldarlokin, 1918, meðlimur byltingarráðs verkamanna og hermanna. Þrítugur var hann þegar orðinn þekkt leikskáld, en þá skrifaði hann eitt af sínum frægari verkum, Túskildingsóperuna, sem var sýnd tvöhundruð sinnum í Berlín 1928. Hann hraktist úr landi 1933, vegna uppgangs nazista, fór fyrst til Danmerkur og Finnlands, en seinna til Bandaríkjanna og settist að í Kalifornía. 1949 sneri hann aftur til Þýskalands, og settist að í Austur-Berlín þar sem hann stjórnaði leikhúsi sínu, Berliner Ensemble, ásamt konu sinni Helene Weigel.



Bertolt Brecht

Leikhús Brechts var upphaflega í ætt við þýska expressjónismann en þróaðist fljótlega yfir í marxistískt leikhús. Í leikritum hans skiptir ekki höfuðmáli að áhorfandinn trúi á þá persónu sem leikarinn túlkar, heldur sá lærdómur sem má draga af persónunni, hegðun hennar og orðum. Í fyrri verkum Brechts er til dæmis algengt að söguþráður sé rofinn og áhorfendur beðnir að taka nú vel eftir og hugleiða þá sögu sem verið er að segja á leiksviðinu. Söngvarnir, sem eru þekktari en mörg leikrita Brechts, gegna oft mikilvægu hlutverki í þeim tilgangi. Af leikritum Brechts má nefna Túskildingsóperuna (1928), Móðurina (1932), Góðu sálina frá Sesúan (1939), Galileo Galilei (1942) og Kákasíska krítarhringinn (1948). Bertolt Brecht lést í Berlín 1956, 58 ára að aldri. **LG**

# Tónleikum aflýst

Af óviðráðanlegum orsökum verður að aflýsa Háskólatónleikum sem áttu að vera í Norræna húsinu í hádeginu í dag.

**Tónleikanefnd Háskólans.**



ata Búrtsjúladze.

*Aukatónleikar Sinfóníunnar*

# Vinsælar bassaaríur

## Grúsíski bassasöngvarinn Paata Búrtsjúladze syngur á Sinfóníutónleikum annað kvöld

**Grúsíski bassasöngvarinn Paata Búrtsjúladze syngur á aukatónleikum Sinfóníunnar í Háskólabíói annað kvöld. Efnisskráin verður fjölbreytt, en meginuppistaðan verður vinsælar bassaaríur úr rússneskum og ítölskum óperum.**

Paata Búrtsjúladze er einn virtasti bassasöngvari vorra tíma. Hann er fæddur í Tíblísí, höfuðborg Grúsíu sem er eitt af Kákasuslýðveldunum. Á yngri árum stundaði hann nám í píanóleik og byggingaverkfræði samhliða söngnáminu, en að loknu námi í verkfræði 1978 hélt hann til framhaldsnáms við La Scala í Mílanó. Að námi loknu sneri hann heim aftur og varð einsöngvari við Óperu- og ballettleikhúsið í Tíblísí, og kennari við tónlistarháskólann. Hann hefur haldið tónleika víða um Evrópu, og má heita að öll helstu óperuhlutverk séu á efnisskrá hans, og er því haldið fram af sérfróðum að á 35 ára afmæli sínu muni hann syngja allar perlur óperulistarinnar.

Stjórnandi Sinfóníunnar að þessu sinni er Bretinn Nicholas Braithwaite, sem meðal annars er þekktur fyrir óperustjórn og hefur starfað með fjölmörgum óperum víða í Evrópu. Tónleikarnir hefjast kl. 20:30. **LG**